

Athugasemdir Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kórónaveiru.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu styður öll áform um varanlega eflingu rafræna samskipta við viðskiptavini embættisins og rafræna afgreiðslu mála.

Í stuttu máli þá er það h.v. afstaða fullnustu- og skiptasviðs Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að ekki sé þörf á þeim bráðabirgaákvæðum sem hér eru lögð fram í 1., 8., 12., 13. og 14. gr. frumvarpsins. Undantekning á því kann þó að vera 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 1. gr. Varðandi dánarvottorð:

Það hefur verið lengi í umræðu hvort ekki væri tímabært að breyta varanlega því ferli sem lög um dánarvottorð, krufningar o.fl., nr. 61/1998 og lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 mæla fyrir um varðandi meðferð dánarvottorðs. Eins og löggin eru núna fer dánarvottorð á milli fimm aðila/stofnana. Hugmyndin sem hefur verið rædd er hvort skráning á andláti manns geti verið framkvæmd með þeim hætti að læknir tilkynni mann látinn til Þjóðskrár með rafrænni útgáfu dánarvottorðs. Í framhaldinu fái sýslumaður tilkynningu frá Þjóðskrá um skráð andlát í upplýsingakerfi sýslumanna.

Í frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna kórónuveiru er gert ráð fyrir að heimilt verði að miðla upplýsingum sem fram koma á dánarvottorði rafrænt frá sjúkrahúsi til þeirra stofnana sem dánarvottorð hefur hingað til verið sent á milli. Hvernig eiga sjúkrahús að koma dánarvottorðum með rafrænum hætti frá sjúkrahúsi til sýslumanns? Því er ekki svarað. Spurningar vakna um það hvernig þetta skuli framkvæmt og hvernig gagnagrunnur verði notaður fyrir miðlun þeirra upplýsinga. Ekki verður séð að slíkum upplýsingum verði miðlað beint í upplýsingakerfi sýslumanna eins og málum er nú háttað og því vart um aðra leið að ræða en með tölvupóstum.

Þá vakna spurningar um það hvernig fara eigi með dánarvottorð sem koma erlendis frá.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu telur nauðsynlegt að gera varanlegar breytingar á meðferð dánarvottorða. Móta þarf skýrar reglur hvernig það skuli gert, undirbúa ferlið m.a. með breytingu á miðlun upplýsinga í upplýsingakerfi sýslumanna og varanlegum lagabreytingum. Móttaka dánarvottorða hefur gengið eðlilega fyrir sig eftir að reglur um samkomubann o.fl.voru settar og ekki verður séð að breytinga til skamms tíma sé þörf.

Um 8. gr. Varðandi það að taka dánarbúsmál fyrir í gegnum síma, fjarfundabúnað eða annað fjarskiptatæki enda verði fyrirtöku málsins háttað þannig að allir heyri þau orðaskipti sem fram fara:

Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir formlegum fyrirtökum við skipti á dánarbúum. Afgreiðsla mála er með ýmsum hætti. Skrifleg erindi eru oft lögð inn til afgreiðslu. Afgreiðsla þeirra fer síðan oft fram með samskiptum sem geta verið í síma, tölvupóstum eða fundum allt eftir óskum aðila og eðli máls. Erindi sem eru tekin fyrir á skiptavakt embættisins eru flest þannig að aðili hefur óskað eftir samtali og mætir með beiðni um leyfi til einkaskipta, erfðafjárskýrslu og fylgigögn eða mögulega önnur erindi sem aðili þarf leiðbeiningar um. Ekki verður séð að ástæða sé til að setja sérstök bráðabirgðalög varðandi þessi samskipti.

Um 12., 13. og 14. gr.:

12. gr.: Heimilt verði að taka aðfararmál fyrir með gerðarbeiðanda í gegnum síma, fjarfundabúnað eða annað fjarskiptatæki enda verði fyrirtöku málsins háttað þannig að allir heyri þau orðaskipti sem fram fara.

13. gr: Heimilt verði að taka mál er varða kyrrsetningu, lögbann o.fl. fyrir í gegnum síma, fjarfundabúnað eða annað fjarskiptatæki enda verði fyrirtöku málsins háttað þannig að allir heyri þau orðaskipti sem fram fara.

Um 14. gr: Heimilt verði að taka mál fyrir með gerðarbeiðanda í gegnum síma, fjarfundabúnað eða annað fjarskiptatæki enda verði fyrirtöku málsins háttað þannig að allir heyri þau orðaskipti sem fram fara. Við þessar aðstæður telst gerðarbeiðandi hafa mætt við fyrirtökuna í skilningi 1. tölul. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu telur ekki þörf á þessum bráðabirgðaákvæðum. Fyrirtökur hafa gengið vel þann tíma sem samkomubann hefur verið í gildi og alltaf hefur verið mætt af hálfu gerðarbeiðanda eins og lög gera ráð fyrir. Ýmis álitamál koma upp og má hér nefna t.d.:

Tækni:

Fyrirtökuherbergi embættisins eru almennt ekki útbúin með fjarfundi í huga og eru ekki búin tækjum og tækni fyrir slíka fjarfundi. Kostnaðarsamt fyrirhöfn er að koma slíku fyrir vegna svona bráðabirgðaákvæða.

Framkvæmd:

Að jafnaði eru 100 fjárnám afgreidd á dag hjá embættin og ákveðinn en naumur tími ætlaður fyrir hverja fyrirtöku. Dagskrá vill stundum riðlast eitthvað. Er gert ráð fyrir því að gerðarbeiðandi hringi í embættið og fái samband inn í fyrirtökuherbergi? Eða er ætlast til þess að sýslumaður hringi í gerðarbeiðendur þegar kemur að hans máli eða málum? Hvað ef fyrirtöku seinkar, hversu lengi þurfa menn að bíða við símann?

Aðför hefst á því að gerðarþola er kynnt krafa gerðarbeiðanda, afstaða hans til kröfunnar er könnuð og síðan er skorað á gerðarþola að greiða kröfuna og greiðir hann þá kröfuna beint til gerðarbeiðanda. Hvernig er framkvæmdin hugsuð hvað það varðar? Á sýslumaður að taka peningana í sínar vörslur? Það kallar þá væntanlega á stofnun vörslureikninga o.s.frv.. Telst skuldin þá greidd gerðarbeiðanda þegar peningarnir eru komnir í vörslu sýslumanns?

Hvað ef gerðarþoli leggur fram skrifleg mótmæli eða kvittun t.d. úr heimabanka? Gerðarbeiðandi getur þá ekki lesið eða skoðað gögnin og tekið afstöðu til þeirra eins og honum ber að gera.

Jafnræði aðila:

Sýslumaður á að vera hlutlaus og gæta þess að gerðin fari fram skv. lögum. Ef upp kemur ágreiningur, milli aðila málsins um framkvæmd gerðarinnar, tekur sýslumaður afstöðu. Gerðarbeiðandi fær með þessu rétt umfram gerðarþola sem eftir sem áður verður að mæta til að gæta sinna hagsmuna.

Varðandi 4. mgr. 14. gr. sem hljóðar svo: Ljúki frestum samkvæmt 2. mgr. 27. gr., 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 66. gr. og ekki reynist unnt að halda áfram aðgerðum í tengslum við nauðungarsölu sökum óyfirtíganlegrar hindrunar, sem ekki varðar aðila máls, framlengist fresturinn um 60 daga frá þeim degi er hindruninni lauk.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur hagað málum þannig undanfarið eða á meðan samkomubann miðast við 20 manns:

1. Fyrstu fyrirtöku mála hefur verið frestað
2. Byrjun uppboðs almennt frestað en þó boðað til fyrirtöku þeirra mála sem eru að falla á tíma skv. 2. mgr. 27. gr. NSL.
3. Framhaldssölum frestað m.v.t. 1. mgr. 35. gr. NSL um „óviðráðanleg atvik“.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu telur þó að það sé helst ákvæði sem þetta sem komið gæti að gagni.

Kveðja,

Brynjar Kvaran

Sviðsstjóri fullnustu- og skiptasviðs Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.